

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 191/2014****191-2015i****frá 25. september 2014****um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og
upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/276/ESB frá 2. maí 2014 um breytingu á ákvörðun 2008/411/EB um samræmingu á tíðnisviðinu 3 400 - 3 800 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu innan Bandalagsins ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 5czd (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/411/EB) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32014 D 0276**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/276/ESB frá 2. maí 2014 (Stjtið. ESB L 139, 14.5.2014, bls. 18).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar 2014/276/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 14.5.2014, bls. 18.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.